

Ed.

**351. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík (þingskj. 340).

Frá nefndinni.

Frumvarp þetta hefir orðið fyrir einni breytingu í háttv. neðri deild, er hún við 3. gr. og er þessi: »að landlæknir skuli ekki vera kennari skólans lengur en þangað til auknir verða kenslukraftar við læknadeild háskólans«. Þetta ákvæði er mjög svo viðsjárvert, því með því er háskólanum gefið undir fótinn, að bæta bráðlega við sig enn einum hálaunuðum kennara.

Nefndin vill því færa hina 3. gr. aftur til sinnar upphaflegu myndar, og leggur það til, að háttvirt efri deild samþykki frumv. með þessari nauðsynlegu

**BREYTINGU:**

Orðin í 3. gr.: »Þangað til auknir . . . háskólans« falli burt.

Efri deild Alþingis, 20. ág. 1912.

Sigurður Stefánsson,  
formaður.

Björn Þorláksson,  
skrifari og framsögumaður.

Þórarinn Jónsson.

Steingrímur Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson.